

Nefndarsvið Alþingis

Vísað er í tölvupóst dags. 9. desember s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna (úthlutunarreglur), 148. mál. Í frumvarpinu er lagt til að 3. mgr. 3.gr. laganna erði kveðið á um að úthlutunarreglur skulu lagðar fram og staðfestar af ráðherra eigi síðar en 1. febrúar ár hvert.

Lánasjóður íslenskra námsmanna og núverandi stjórn sjóðsins stefnir að því að úthlutunarreglur hvers skólaárs verði tilbúnar og samþykktar af ráðherra fyrir en verið hefur og þá snemma á vormánuðum. Stjórn sjóðsins telur hins vegar óþarfi að festa niður nákvæma tímasetningu í lögum varðandi það hvenær úthlutunarreglur eru lagðar fram fyrir ráðherra. Þessu til viðbótar er eðlilegt að haft sé í huga tímasetningu fjárlagagerðar hvers árs.

Kær kveðja,
Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir
Framkvæmdastjóri LÍN